160 200 kr., 300 kr. og 600 kr., megi verða þeim útborguð úr landssjóði frá fardögum
11. nóv. þessa árs að telja; en þjer látið í ljósi þann skilning á tjeðum lögum, að uppbót sú, er ákveðin er nokkrum prestaköllum úr landssjóði, eigi ekki að útborgast hlutaðeigandi prestakalli fyr en þá, er það hefir verið veitt í fyrsta sinn, eptir að lög þessi öðluðust gildi, og óskið þjer úrskurðar ráðgjafans um þetta.

Í tilefni af þessu er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er sömu skoðunar og þjer í þessu máli.

161 — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um gjalddaga á eptirgjöldum**
11. nóv. **eptir prestaköll og uppbótum á þeim.** — Jafnframt því þjónustusamlega að senda yður, herra landshöfðingi, nokkur exemplör af fjárlögunum fyrir árin 1882 og 1883, staðfestum af konungi 4. þ. m. (sbr. stjórnartíð. A. bls. 30 o. ff.), sem og af frumvarpinu til þeirra með athugasemdum, sumpart til eigin nota og sumpart til úthlutunar meðal hlutaðeigandi embættismanna, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, að gjöra þóknanlega ráðstöfun til útborgunar á launum o. fl. samkvæmt reglum þeim, er þar um gilda.

Með því engin ákvörðun er um, á hvaða gjalddaga skuli fram fara innborganir þær í landssjóð frá ýmsum prestaköllum og útborganir þær úr landssjóði til annara prestakalla, er um getur í 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, er yður, herra landshöfðingi, hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að tjeðar inn- og útborganir skulu fram fara einu sinni á hverju hálfmissiri, sem sje 6. sept., 6. des., 6. marz og 6. júní, *í hvert skipti fyrir hið umliðna hálfmissiri*, svo og að sömu reglu skuli fylgja með tilliti til útborgunar upphæða þeirra, er ætlaðar eru árlega til bráðabirgða-uppbótar hinum fátækustu brauðum, enn fremur að annar styrkur sá, sem getið er um í 13. gr. A. b. fjárlaganna, sje útborgaður *í lok hvers hálf-missiris*.

162 — **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **um**
12, nóv. **efling búnaðar.** — Jafnframt því að senda yður, herra amtmaður, ávísun þá, er þjer óskið eptir í þóknanlegu brjefi yðar dagsettu í gær, að upphæð 1235 kr., vil jeg tjá yður, að af þeim hluta af fje því, sem samkvæmt 9. gr. C. 4. fjárlaganna er ætlað til eflingar búnaði, er með brjefi mínu frá 3. ágúst þ. á. (stjórnartíð. B. 87) hefir verið veitt suðurumdæminu fyrir þ. á. . . . . 3533 kr. 33 a.
eru þegar ávísaðar eptirfylgjandi upphæðir:

1. Ingunni Jónsdóttur til að læra mjólkurmeðferð í Danmörku	200 kr.	»a.		
2. Jóni Gunnlaugssyni viðbót við styrk þann, er hann fjekk í fyrra	150 —	» -		
3. Gísla Gíslasyni styrkur til að ganga á landbúnaðarskóla í Noregi	100 —	» -		
4. Steinhöggvurum Ólafi Sigurðssyni og Magnúsi Guðnasyni úr Reykjavík steinsmíðatól	186 —	75 -		
Flyt	636 —	75 -	3533 —	33 -